



Reykjavík, 25. janúar 2012

Sáttargerð vegna brots á 128. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti

Þann 13. desember 2011 gerðu Fjármálaeftirlitið og Byggðastofnun með sér sátt vegna brots stofnunarinnar á 128. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl.).

Með sáttinni gekkst Byggðastofnun, sem útgefandi skráðra skuldabréfa, við því að hafa brotið gegn 128. gr. vvl., með því að hafa ekki skilað lista yfir fruminnherja til Fjármálaeftirlitsins innan tilskilins frests þrátt fyrir áminningu þar um.

Í 128. gr. vvl. er kveðið á um skyldu útgefenda til að senda Fjármálaeftirlitinu, í því formi sem eftirlitið ákveður, upplýsingar um fruminnherja, tímabundna innherja og aðila fjárhagslega tengda innherjum. Allar breytingar á upplýsingum skv. 1. mgr. 128. gr. vvl. skulu tilkynntar Fjármálaeftirlitinu þegar í stað. Endurskoðaðan lista yfir innherja skal senda Fjármálaeftirlitinu eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti.

Með vísan til framangreinds, atvika máls að öðru leyti, 142. gr. vvl. og reglna nr. 1245/2007 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt, var það mat Fjármálaeftirlitsins að fjárhæð sáttarinnar væri hæfilega ákveðin kr. 400.000,-.